Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Þjóðhátíðarsjóðs.

Við höfum endurskoðað ársreikning Þjóðhátíðarsjóðs fyrir árið 2001. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar nr. 1-4. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög, reglur og starfsskyldur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin fólst meðal annars í úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum og einnig athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri stofnunarinnar á árinu 2001, efnahag 31. desember 2001 og breytingu á handbæru fé á árinu 2001 í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 20. júní 2002.

Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi.

Staðfesting stjórnar

Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins með áritun sinni.

Reykjavík, 20. júní 2002.

Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs.

Sigríður Ragna Sigurðardóttir.
Rannveig E. Hálfdánardóttir. **Jónína Michaelsdóttir.**
Birgir Ísleifur Gunnarsson. **Björn Teitsson.**

Sveinbjörn Hafliðason ritari.

25. júní 2002 Nr. 456

AUGLÝSING

um nafn sameinaðs sveitarfélags Húsavíkurkaupstaðar og Reykjahrepps.

Ráðuneytið hefur í dag staðfest nafn hins sameinaða sveitarfélags sem varð til í umdæmi sýslumannsins á Húsavík hinn 9. júní 2002 við sameiningu Húsavíkurkaupstaðar og Reykjahrepps í eitt sveitarfélag, sbr. auglýsingu nr. 301/2002.

Hið sameinaða sveitarfélag skal heita Húsavíkurbær.

Félagsmálaráðuneytinu, 25. júní 2002.

Páll Pétursson.

Guðjón Bragason.